



27. mars 2024

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Monerium EMI ehf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á fylgni við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Monerium EMI ehf. (hér eftir félagið) með bréfi dags. 3. apríl 2023. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í janúar 2024.

Markmið athugunarinnar var að leggja mat á hvort áhættumat félagsins, sem og stefna, stýringar og verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, væri í samræmi við kröfur 5. gr., 5. gr. a og III. kafla laga nr. 140/2018. Kannað var m.a. áhættumat á starfsemi og aðferðafræði þar að baki, áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum og aðferðafræði þar að baki, hvernig áhættumat var nýtt til að flokka viðskiptamenn í áhættuflokka, hvernig áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti var sinnt með hliðsjón af áhættumati. Einnig var framkvæmd könnun á því hvernig félagið sinnti rannsóknar- og tilkynningarskyldu sinni skv. 21. gr. laga nr. 140/2018. Að lokum voru könnuð atriði tengd alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og fylgni við þágildandi 7. gr. laga nr. 64/2019 um frystingu fjármuna.

Þá voru framangreind atriði einnig könnuð með hliðsjón af reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Monerium EMI ehf. hefði ekki að öllu leyti uppfyllt nánar tilgreind ákvæði laga nr. 140/2018, sbr. reglugerðir nr. 545/2019 og 745/2019. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Tilteknir þættir varðandi áhættumat á starfsemi vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka voru taldir ófullnægjandi. Ekki var að öllu leyti borin kennsl á og metin hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi félagsins þar sem matið byggði á áhrifum á rekstur og orðspor félagsins ef félagið yrði misnotað til peningaþvættis. Þá var aðferðafræði við áhættumat á starfsemi ekki

talin fullnægjandi þar sem hún tók mið af rekstrarlegum forsendum. Í áhættumati félagsins skorti einnig fullnægjandi heildstæða greiningu og mat á eiginlegri áhættu sem stafar af viðskiptamönnum, viðskiptalöndum, vörum og þjónustu, tækni og dreifileiðum félagsins. Þá fól áhættumatið ekki í sér raunverulegt mat á gæðum stýringa, eftirstæðri áhættu og áhættuflokkun einstakra áhættuþátta. Með vísan til framangreinds uppfyllti áhættumat félagsins og aðferðafræði að baki því ekki að öllu leyti kröfur 2., 3., 4., og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 545/2019.

- Áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum var ekki talið fullnægjandi þar sem ekki var að finna heildstæða skjalfesta aðferðafræði og ekki lá fyrir hvernig samspil áhættuþátta mynda heildaráhættu tengda samningssamböndum. Með vísan til framangreinds var áhættumat félagsins á samningssamböndum og einstökum viðskiptum ekki talið uppfylla að öllu leyti kröfur 9. og 12. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.
- Eftirlit með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla var ekki talið vera að öllu leyti í samræmi við 1. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2019 og c-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 545/2019, þar sem óljóst var hvernig staða viðskiptamanna væri reglulega endurmetin.
- Eftirlit með aðilum á þvingunarlistum var ekki talið vera að öllu leyti í samræmi við þágildandi 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019, sbr. núgildandi 3. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna, þar sem óljóst var hvernig staða viðskiptamanna væri reglulega endurmetin.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að félagið myndi fela sjálfstæðum úttektaraðila að gera úttekt á hvort farið hefði verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.